

Örugg matvæli – allra hagrur!



Morgunblaðið/Ómar

Hross „Öll hross landsins eiga samkvæmt merkingarreglugerð að vera skráð þar og einstaklingsmerkt.“

Aukið eftirlit með lyfjagjöf í búfé

Meðal hlutverka Matvælastofnunar (MAST) er að tryggja eins og kostur er, að dýraafurðir sem við neytum s.s. kjöt, egg og mjólk séu án sjúkdómsvaldandi örvera og lyfjaleifa eða annara þátta sem ógnað geta heilsu fólks. Eftirlit með lyfjaleifum í dýraafurðum

byggist á skráningu allrar lyfjagjafar í afurðagefandi dýr, en MAST er nú að færa þessar skráningar yfir á rafrænt form í samvinnu við Bændasamtök Íslands. Miðlægur gagnagrunnur þar sem rekja má lyfjagjöf í sérhvert dýr veitir sláturleyfishöfum og eftirlits-

aðilum nákvæmt yfirlit yfir dýr sem ekki má nýta til matvælaframleiðslu.

Dýralæknar hafa sérþekkingu á notkun dýralyfja og ávísa þeim aðeins þegar þörf fyrir þau hefur verið skilgreind. Þegar það á við, þá fær dýraeigandi fyrirmæli frá dýralækni um út-

skolunartíma lyfjanna, en það er sá tími sem þarf að líða þar til afurðirnar teljast hæfar til manneldis. Útskolunartími er gefinn út af framleiðanda lyfsins með samþykki lyfjafirvalda, en er ákveðinn endanlega af dýralækninum. Það er síðan á ábyrgð dýraeigandans að senda ekki afurðir til slátrunar eða mjólkurstöðvar fyrr en að loknum útskolunartímanum.

Rafræn skráning lyfjanotkunar kemur fyrst til framkvæmda fyrir hross og afurðir þeirra. Frá og með 17. apríl nk. eiga allar lyfjagjafir í hross að vera skráðar í gagnagrunn hrossaræktarinnar World Fengur (WF). Öll hross landsins eiga samkvæmt merkingarreglugerð að vera skráð þar og einstaklingsmerkt. Veikist hross og þarfnist meðhöndlunar, á dýralæknir sem læknishjálpin veitir að skrá sjúkdóminn og lyfjagjöfina í gagnagrunninn. Sláturhúsum er skylt að lesa einstaklingsmerki hrossa sem koma til slátrunar og athuga í WF hvort viðkomandi hross hafi fengið lyfjagjöf nýlega. Hafi svo verið kemur skýrt fram að ekki megi nýta afurðir þess til manneldis.

Aðskotaefni eru efni sem berast í matvæli eða myndast í þeim og breyta eiginleikum, samsetningu, gæðum eða hollustu þeirra og eru lyfjaleifar skilgreindar sem aðskotaefni. Eftirlit með þeim hefur verið stundað hér á landi í áratugi en með skráningu á lyfjagjöf til afurðagefandi dýra er hægt að auka líkur á að aðeins séu á boðstólum heilnæm matvæli sem eru örugg til neyslu.

Dr. Björn Steinbjörnsson, sérgreina-
dýralæknir hjá Matvælastofnun